

Sjúk kvenfrelsun, kynbreytingaiðnaðurinn, reðuröfundin og ofbeldið

Ofbeldi er gamall fylgifiskur mannkyns. Nær daglega eru fluttar fréttir af ofbeldi karla í garð kvenna. Þegar fjölmiðlar eins og RÚV skýra nauðugir viljugir frá ofbeldi kvenna, grípa þeir til afsakana.

Nýlegt dæmi er Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir hjá fréttastofu RÚV. Hún flutti fréttir af konu, sem myrta fjölda fullorðinna og barna í Bandaríkjunum. Þessi frétttaflutningur var Jóhönnu greinilega svo mikil raun, að hún bætti við frá eigin brjósti, að slíkt hátterni væri afskaplega sjaldgæft hjá konum.

Jafnvel víðsýnustu kvenfrelsunarfræðimenn eiga afskapleg erfitt með að kynja kvennaofbeldinu Einn þeirra er Laura Sjoberg, sem m.a. hefur skrifað bókina: „Kvennauðgarar í stríði: Skyggst handan staðalímynda og æsifregna (Women as Wartime Rapists. Beyond Sensation and Stereotyping).

Efnið er ofur viðkvæmt. Það er alkunna, að kvenfrelsarar hafa m.a. byggt áróður sinn um stöðu konunnar sem fórnarlamb á kennisetningunni um eðlisgæsku og sakleysi kvenþjóðarinnar. Almennur og kvenfrelsarar taka andköf. Því fátt veldur meiri ótta og skelfingu en upplýsingar, sem hreyfa við bjargfastri trú. En þeir gefa ekki barnatrúna upp á bátinn.

Edward L. Bernays, einn af helstu áróðursfræðingum veraldar, sagði eitt sinn: „Ef við búum yfir kunnáttu um eðli og hvatir hópsálarinnar, er okkur fært að stjórna múginum og fylkja honum að okkar geðþótta, án þess að hann bjóði það í grun.“ (Edward var einn þeirra, sem sannfærði breska piltu um, að á vígvelli fyrstu heimstyrjöldinni færu þeir til að bjarga konum frá þýskum nauðgurum.) Þegar innrætingin hefur náð bólfestu fer sálin á sjálfsnúning.

Því er það, að kvenfrelsarar liggja í stöðugu frelsisstríði gegn drengjum, feðrum og körlum- og virðast ekki geta annað. Það eru engin „gríð“ gefin og fráleitt nokkurt vopnahlé. Kvenfrelsunarherinn gekk í þjónustu auðdrottna veraldar fyrir rúmri hálfri öld síðan. Eiginleg markmið hans hefur verið að hleypa upp fjölskyldunni, útvega ódýrt vinnuafli og ráðskast með fólk, án vitundar þess. Kvenfrelsunar-, kynleysu- og vitundariðnaðurinn starfa í samhljómi.

Fólki hefur verið innrætt, að konur séu fórnarlömb og ágæti þeirra jafnvel fólgið í því. Veröldin er ævinlega verri konum en körlum, er viðkvæðið. Veiran t.d. gerði konum meiri skráveifu en körlum og þar að auki sáu karlar tækifæri til að berja meira á konum sínu en ella.

Þannig hljómaði goðsögnin frá Þríeykinu og ofbeldisiðnaðinum. Áströsk yfirvöld hafa reyndar slegið máli á heimilisbarsmiðarnar og komust að því, að ofbeldi gegn konum hefði rénað í kófinu.

Kvenfrelsunarkonum verður seint fullnægt. Nú liggja þær körlum á hálsi fyrir að nenna ekki að skrifa um kyn og stefnumót. Karlar heyra linnulaust, að konur vinni miklu meira, sbr. fjórðu og fimmtu vaktina þeirra. Tveim kvenfrelsunarmannfræðingum datt í hug að slá þessu föstu með því að setja skrefamæli á konur og karla í Tíbet. Þær komust að því, að konur tóku 12.000 skref, en karlar bara 9000.

Ætli kvenkyns kvenfrelsarar þjáist af reðuröfund, þrátt fyrir allt? Því veltir Janice Fiamengo fyrir sér og bendir á nokkra gullmola frá fræðamæðrunum um nauðgun karla á konum og annan óþverraskap í kynlífi. Kvenfrelsarar hafa alltaf verið með kynlíf á heilanum. Sumum ofbauð reyndar fyrir heilli öld síðan. Wilma Meikle skrifaði um það heila bók, „Á leið til heilbrigðrar kvenfrelsunar“ (Towards a Sane Feminism), þegar árið 1917.

Það er rík ástæða til að ætla, að ætlunarverk Wilmu hafi ekki tekist. Falskar ákærur kvenfrelsunarlygamarða um nauðgun og annan kynóþverraskap af karla hálfu, hafa verið áberandi um áratugi. Það liggur meira að segja fyrir játning frá íslenskum lygamerði og raðlygara.

Í Bretlandi eru kvenlygamerðir vissulega líka til. Daily Mail skýrði frá lygum konu, sem var undirrotin að sjálfsvígtilraunum þriggja karla. Hún barði sig meira að segja í hausinn með hamri til að gera lygarnar trúverðugri. Það er reyndar þekkt brella. En lygarinn hlaut dóm. Það er uppörvandi.

Þegar kvenfrelsurunum hafði tekist að rústa samskiptum kynjanna, var næsta verkefni að eyðileggja kynið alfarið, svo skapa mætti enn þá meiri ringulreið og vansæld. Kynskipta- og kynleysbylgjan ber vott um það. Það er sérstaklega í þágu lyfjaauðdrottanna, sem græða á tá og fingri, samtímis því að upplausnin eykst og fjarstjórnunartækninni vex fiskur um hrygg.

Svokölluð fjölbreytni eða meðvera (Inclusivity) verður iðnaðinum gróðalind á margvíslega hátt: „Meðvera er annað og meira en félagsleg hræring. Hún er viðskiptatækifæri. Nú er um að gera að láta hendur standa fram úr ermum og efla viðskiptin.“ (DMI Consulting)

Bragð er að, þá barnið finnur. Fjárfestingarsjóðirnir Vangard og Svarti klettur (Black Rock) eru einnig kominn á stjá. Silicon Valley hóf markvissa áróðursherferð fyrir

síðustu aldamót. Það er ekki kyn, þótt stúlkum, sem fýsir að breyta um kyn, hafi á tímabili fjölgað um 4000% eða svo. Svo gífurlegur er máttur vitundariðnaðarins.

Það er svo sem ekki að undra. Tímaritið „Heimsmarkaðsinnsæið“ (Global Market Insights) metur markaðinn svo: „[A]ukning kynbrenslaðra (gender dysphoria) og verulegar framfarir við kynbreytingaskurðaðgerðir (sex reassignment procedures), lofa góðum horfum á markaðnum.“

Markaðsvæðing kynleysunnar er svo langt gengin, að stofnuð hafa verið samtök viðskiptalesbía, -honna, -tvíkynunga og -kynskiptinga (LGBT), sem kölluð eru „Útkonur“ (OutWomen). Um er að ræða „mikilvægan, nýjan vettvang ... til að efla og skipa saman reyndum LGBT stjórnendum til að skapa atvinnutækifæri og rækta hæfileika – og þar með stuðla enn frekar að jafnrétti,“ segir á síðu samtakanna.

Frekara jafnrétti felst svo í því að virkja kynnautnina með gervigreind. Frjóvgun mun eiga sér stað í glösum og fósturrækt í gervilífsmæðrum. Það er lokaáfanginn í frelsun kvenna, sem kvenfrelsarar berjast enn þá fyrir með blóði, svita og tárur. Baráttan gegn kyninu er fjármögnuð af sömu auðdrottnum og sömu skattgreiðendum og stríðið gegn drengjum, feðrum og körlum.

Kvenfrelsunar- og kynleysubaráttan er víðar háð en hjá íslensku ríkisstjórninni. Barátta Alheimsefnahagsráðsins og Sameinuðu þjóðanna er einnig einbeitt. Hún er meitluð í svokölluð sjálfbærnimarkmið, sem ráðamönnum leikur stöðug á vörum.

Stefnuna skilgreina samtökin „Kynjagreind“ (Gendered Intelligence) ljómandi vel: Frelsi barna og unglunga felst í því „að losa sig undan því menningarvaldi, sem felst í lífeðlinu (power of the biological).“ Eitt af ofangreindum sjálfbærnimarkmiðum er einmitt að frelsa börn frá feðrum sínum og konur frá körlum.

Hjá Alheimsefnahagsráðinu starfar m.a. Martine Rothblatt, sem endurómar hugmyndaæði SP og Ráðsins: „Það er ekki ýkja langt þangað til við lifum sem önnur tegund. Við verðum bráðum handanmannkyn.“ Sama boðskap flytur hinn mannkynstortímandinn og aðal hugmyndafræðingur Ráðsins, Yuval Noah Harari.

Það kveður svo rammt að kynleysuhugmyndafræðinni, að jafnvel skynsömstu kvenfrelsarar rumska og andæfa. Ein þeirra er Kellie Jay Keen-Minshull, sem heimsótti fólk í „í neðra,“ þ.e. á Nýja-Sjálendi. Hún kom þar við á leið sinni um heiminn, en hún flytur trúboð „kvenfrelsunaröryggisstefnunnar,“ þ.e. að konum skuli, í hinni hættulegu veröld feðraveldisins, tryggja sérstaka öryggiskíma, kvennaafdreyp og -athvörf, svo þær

geti látið ljós sitt skína. Og vitaskuld skal það skína. Félagsskapurinn heitir „Leyfum konum að tala,“ (Let Women Speak).

Kellie Jay beinir þó kastljósinu einnig á kynbreytingaiðnaðinn, þ.e. undirróðri kynleysusinna, lyfjasölu iðnaðarins og skurðaðgerðum læknanna. Þetta þótti fjölmiðlum og stjórnámálamönnum Nýja-Sjálands stór munnbiti að kyngja.

New Zealand Herald sagði þennan öndvegiskvenfrelsara: „Trojuhryssu hægrifgamanna.“ John Pesutto, leiðtogi Frjálslyndra, sagði skipuleggjendur fyrrgreinds félagsskapar hafa „velkunn og sterk tengsl við fólk, sem er hallt undir nasista og sem boðar hugmyndir hvítrar ofurmennahyggju.“

Það er ekki að undra, að gerður hafi verið aðsúgur að eymingjans konunni. „Ég hélt mín síðasta stund væri runnin upp,“ sagði hún skiljanlega. Svona er komið fyrir málfrelsinu í vestrænum lýðræðisríkjum samfara vaxandi ofstæki og ofbeldi af hálfu fólks í „röngum líkama“ eins og sannaðist í Nashville fyrir skömmu.

Fyrrgreindur John er greinilega í liði með harmkvælafræðingunum (wokist) eða „tortímendunum“ eins og breski eðlis- og verkfræðingurinn, Rick Bradford (eða William Collins), kallar þá í nýrri bók sinni: „Tortímendurnir: Hvernig siðrofi er beitt til að halda okkur í skefjum og breyta lífi okkar í einu og öllu, án samþykkis“ (The Destructivists: How moral usurpation is being used to control us and change every aspect of our lives without our consent.) Þetta er sami höfundur og skrifaði „Samúðarklyftinn“ (The Empathy Gap). Dulnefnið notaði hann til að verja sig ágangi.

Í siðrofinu felst m.a. siðglöp (moral infantilism), siðlát (vampirism), ofstækisvæðing (creation of zealots), valdsmannasmjaður (appeal to the elites) og mótun jákvæðra viðbragða (creation of positive feedback). Tortímingin beinist einkum að: Verðleikum, sannleika, fegurð, ást, trúarbrögðum, menntun, fjölskyldu og vísindum.

Það þarf að vinna bráðan bug að því, að spyrna við fótum, segir Rick. En leiðin er torsótt: „Sannreyndin er nauðsynleg, en ófullnægjandi. Það verður að kveða tortímingarhyggjuna niður á þeim vettvangi, sem hún finnur styrk. Það verður að sýna fram á, að hún rjúfi siðferðið.“

Það reynir t.d. félagsskapur mæðra í Ástralíu að gera. Hann kallar sig, „Mæður sona.“ Það er líka uppörvandi að sjá, að kvenfrelsari eins og Mary Harrington, hefur skorið upp herör gegn sjúkri kvenfrelsun eins og Wilma forðum. Hún brýtur til mergjar alla þá eynd, sem kvenfrelsunin hefur skapað konum, körlum og börnum.

Mary rýnir sömuleiðis í þróunina í átt að kvenvélmennum (cyborg feminism) – ekki síst frjósemislyfjaiðnaðarins. Hún gerir það m.a. í bók sinni, „Kvenfrelsun gegn framförum“ (Feminism Against Progress). Kvenvélmenniskvenfrelsun er skilgreind sem gervigreindaruppfærsla lífefna- og lyfjaiðnaðarins á kvenlíkamanum, undir yfirskini kvenfrelsis.

Louise Perry er annar endurbótakvenfrelsari. Hvorugur ræðst þó á garðinn, þar sem hann er hæstur, þ.e. karlhatrinu, að dómi Janice Fiamengo. Karlar eru enn þá viðhengi kvenna í þessum fræðum.

<https://www.theguardian.com/commentisfree/2023/jan/29/hardly-any-straight-men-write-about-sex-and-dating>

<https://www.youtube.com/watch?v=Ay1KVzVXbjc>

https://fiamengofile.substack.com/p/a-reformed-feminism-still-sees-men?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www.youtube.com/watch?v=N1ZztpS_U1o

<https://unherd.com/thepost/mary-harrington-feminism-against-progress/>

<https://www.dailymail.co.uk/news/article-11857499/Asian-grooming-gang-fantasist-jailed-eight-half-years.html>

https://www.telegraph.co.uk/news/2023/03/27/trans-activism-sexist-delusional/?utm_source=JBP+Audience&utm_campaign=e20360c325-EMAIL_CAMPAIGN_4_11_2022_18_7_COPY_01&utm_medium=email&utm_term=0_a434e81da0-e20360c325-137583545

https://bettinaarndt.substack.com/p/call-in-the-troops?utm_source=substack&utm_medium=email

https://bettinaarndt.substack.com/p/coercive-control-con-job?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://expose-news.com/2023/03/17/identity-politics-will-destroy-womens-medical-treatment/>

https://menaregood.substack.com/p/fatherhood-in-a-red-pilled-world?utm_source=substack&utm_medium=email#play

https://menaregood.substack.com/p/equality-a-step-down-for-women?utm_source=substack&utm_medium=email

<http://empathygap.uk/>

<https://www.centreformalepsychology.com/male-psychology-magazine-listings/beyond-male-privilege-an-interview-with-rick-bradford-aka-will-collins-author-of-the-empathy-gap>

<https://www.abs.gov.au/media-centre/media-releases/females-do-more-unpaid-work-males-do-more-paid-work>

https://menaregood.substack.com/p/the-destructivists-janice-fiamengo?utm_source=substack&utm_medium=email#play

<https://www.standingforwomen.com/letwomenspeak>

<https://www.cbsnews.com/news/life-after-life-transgender-ceo-martine-rothblatt-builds-robot-bina48-mind-clone/>

<https://www.the11thhourblog.com/post/martine-rothblatt-a-modern-day-ivanovich-selivanov>

https://bettinaarndt.substack.com/p/women-work-harder-than-men-phooey?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2023/03/hvem-star-bak-transagendaen/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://savageminds.substack.com/p/gendered-intelligence-at-the-court>

<https://genderedintelligence.co.uk/>

https://joebot.substack.com/p/zoltan-istvan-foresees-the-ultimate?utm_medium=web

<https://churchandstate.org.uk/2018/02/the-future-of-the-lgbt-movement-may-involve-transhumanism/>

<https://americanmind.org/features/soul-dysphoria/humanity-for-sale/>

<https://twitter.com/Wommando/status/1639616848072155140?s=20>

<https://twitter.com/whatwouldiknow1/status/1639715235857825793?s=20>

<https://rumble.com/v2fiubs-klaus-schwabs-trans-soldiers-declare-jihad-on-christian-america.html>

<https://outleadership.com/news/out-leadership-announces-outwomen-initiative-for-senior-lgbt-women-in-business/>

<https://www.breitbart.com/health/2023/03/28/nashville-shooter-was-second-transgender-female-killer-in-4-years/>

https://steigan.no/2023/03/hvem-star-bak-transagendaen/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.youtube.com/watch?v=tLXdoqXbC6k>

<https://jbilek.substack.com/p/who-is-behind-the-trans-agenda>

<https://jbilek.substack.com/p/who-owns-big-pharma-and-the-billionaires>

<https://dmi-consulting.com/>

https://fiamengofile.substack.com/p/do-feminists-suffer-from-penis-envy?utm_source=substack&utm_medium=email